

1997 nr. 81 26. maí**Lög um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða**

Tóku gildi 6. júní 1997. Breytt með: L. 102/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eða umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

□ Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna mállefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

□ Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

¹⁾ L. 126/2011, 248. gr.

■ 2. gr.

□ Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

- safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
- stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
- miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
- vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
- annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
- skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og

g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

■ 3. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 102/2004, 1. gr.

■ 4. gr.

□ [[Ráðherra]¹⁾ skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

□ Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 248. gr. ²⁾ L. 102/2004, 2. gr.

■ 5. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð²⁾ sem ráðherra setur. [Ráðherra]¹⁾ skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

□ Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

¹⁾ L. 126/2011, 248. gr. ²⁾ Rg. 554/2005.

■ 6. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 248. gr.

■ 7. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.